

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 145/1948. **Valdstjórnin** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Ásmundi Bjarna Helgasyni (Egill Sigurgeirsson).

Ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1.65 sjómílu innan landhelgislínu.

Kærði hefur með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 45/1937. Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 3. gr. laga nr. 45/1937, og þykir refsing hans, með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33,96, og því, að hér var um togbát að ræða, 21 smálest að stærð, hæfilega ákveðin 8000 króna sekt, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, veiðarfæra svo og málskostnað staðfestast, þó svo, að andvirði hinna upptæku eigna renni í Fiskveiðasjóð Íslands.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Ásmundur Bjarni Helgason, greiði 8000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra eiga að vera óröskuð, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 25. maí 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Helgasyni, Skagaströnd, skipstjóra og útgerðarmanni m/b Stiganda, S. I. 52, f. 30. nóvember 1903 að Eyri í Reykjarfjarðarhreppi innan Ísafjarðarsýslu, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937, sbr. lög nr. 26 frá 1940, sbr. lög nr. 14 frá 1948.

Málavextir eru þessir:

Í dag kl. 02.00 kom varðbáturinn Faxaborg að m/b Stiganda, S. I. 52, sem gerður er út frá Skagaströnd, þar sem hann var að veiðum með dragnót út af Kálfshamarsvík, 1,2 sjómílu fyrir innan landhelgislínu.

Samkvæmt miðun varðbátsins, sem kærður hefur athugað og gengið úr skugga um, að væri rétt, var staða skipsins þessi:

Kálfshamarsvíti

> 88°

Fossinn

> 35°

Spákonufell

Kærður hefur viðurkennt brot sitt tregðulaust.

Kærður hefur með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 17/5 1940 verið dæmdur í 7.400 króna sekt fyrir brot gegn landhelgislögum.

Brot kærða heyrir undir ákvæði l. nr. 45 frá 1937, 1. og 3. gr., sbr. l. nr. 26/1940, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, með hliðsjón af gullgildi ísl. krónu svo og því, að hann hefur áður gerzt brotlegur gegn fiskveiðalöggjöfinni, hæfilega ákveðin 26.500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Enn fremur skulu veiðarfæri og afli m/b Stiganda, S. I. 52, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað málsins.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ásmundur Bjarni Helgason, greiði 26.500 króna sekt í Landhelgisjórð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Enn fremur skulu afli og veiðarfæri m/b Stiganda, S. I. 52, vera upp-tæk og andvirðið renna í sama sjóð. Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 48/1947. **Réttvísinn og valdstjórnin**
 gegn
Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aður dómur gangi í Hæstarétti í máli þessu, ber héraðs-dómara að framkvæma rækilega framhaldsrannsókn í því. Skal m. a. leitast við að skýra betur en orðið er þau atriði, sem nú verða rakin:

1. Torfi Jónsson og vitnið Þorbergur Skagfjörð Gíslason skýra svo frá, að maður sá, sem sló Torfa, hafi aðfaranótt 15. febrúar 1946 stigið út úr bifreið, sem staðnæmdest á Vestur-götu, ráðizt á Torfa, slegið hann í andlitið og veitt honum áverka þá, sem í málinu greinir. Gerð skal tilraun til að leita uppi bílstjóra þann, sem ók bíl þessum, t. d. með rannsókn á bílstöðvum, auglýsingum o. s. frv., og ef leit að honum ber árangur, skal hann látinn gera grein fyrir atburðarás kveld það, sem um er að tefla.

2. Ákærði tjáist hafa verið kyndari á l/v Sverri á þeim tíma, sem atvik þau gerðust, er mál þetta er af risið. — Skip-verjar þeir, sem á l/v Sverri voru þá, skulu kvaddir fyrir dóm og inntir eftir því, hvort þeir geti veitt nokkra vitneskju um